

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 75/2009****2009/EES/47/21****frá 29. maí 2009****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2006 frá 2. júní 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1351/2008/EB frá 16. desember 2008 um að koma á fót áætlun Bandalagsins til margra ára um verndun barna sem nota Netið og aðra samskiptatækni <sup>(2)</sup>.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2009 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. mgr. 2. gr. bókunar 31 við samninginn:

„– **32008 D 1351**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1351/2008/EB frá 16. desember 2008 um að koma á fót áætlun Bandalagsins til margra ára um verndun barna sem nota Netið og aðra samskiptatækni (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 118)“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2009 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Alan Seatter**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 44, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 45, 7.9.2006, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 118.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.